

Mürsel Eren gegn Tyrklandi

Dómur frá 7. febrúar 2006

Mál nr. 60856/00

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Háskólar. Inntökupróf.

1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari (f. 1972) og býr í Tyrklandi. Hann tók fyrst inntökupróf í háskóla árið 1994 en á þeim tíma þurftu væntanlegir nemendur að standast tvískipt krossapróf sem skipulagt var af miðstöð fyrir inngöngu í æðri menntastofnanir. Kærandi féll á fyrri hluta inntökuprófs til háskóla í fyrstu þremur tilraunum sínum á árunum 1994-1996. Kærandi sótti einkanámskeið til að undirbúa sig fyrir inntökuprófið 1997 og bar því við að hann hefði lagt hart að sér við námið og nokkrum sinnum verið hæstur í sínum bekk í undirbúningsprófum. Í fyrri hluta inntökuprófsins árið 1997 náði kærandi nægilegum árangri til að halda áfram í annan hluta. Í síðari hluta prófsins var hann einn þeirra sem náði bestum árangri. Hins vegar var próf hans ógilt af nefnd skipaðri þremur prófessorum sem taldi frammistöðu hans óútskýranlega í ljósi slaks árangurs hans í fyrri tilraunum. Var ekki bent á neitt sem gaf til kynna að kærandi hefði ekki staðið rétt að töku prófsins eða haft rangt við. Kærandi kærði ákvörðunina án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi ákvörðun um að ógilda niðurstöðu hans í inntökuprófunum takmarka rétt hans til menntunar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið bent á þá heimild í lögum sem veitti umræddri miðstöð vald til þess að ógilda próf kæranda af þeirri ástæðu að frammistaða á prófinu væri óútskýranleg. Jafnvel þótt slíkri lagaheimild væri til að dreifa myndi svo víðtækt mat skapa slíka réttaróvissu að brotið væri gegn réttarrikinu og grunnreglum lýðræðis eða gengið beint gegn réttinum til menntunar. Samkvæmt gildandi reglum hefðu nemendur átt lögmætar væntingar um að öðlast rétt til inngöngu í háskóla ef þeir fullnægðu inngönguskilyrðum sem mælt væri fyrir um í lögum. Í ljósi þess að engar sannanir lágu fyrir um að kærandi hefði svindlað á prófinu og þess að engin kæra um slíkt hafði komið fram taldi dómstóllinn að ákvörðun nefndarinnar um að hafna inngöngu kæranda í háskóla hefði skort lagalegan og málefnalegan grundvöll. Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Kæranda voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.